

## **Greinargerð með tillögu bæjarfulltrúa D-lista í Mosfellsbæ um opnun Fab lab smiðju.**

Bæjarfulltrúar D- lista í Mosfellsbæ leggja fram tillögu um að opnuð verði á árinu 2023 Fab Lab smiðja í Mosfellsbæ sem myndi nýtast öllum skólum bæjarins, bæði leik og grunnskólum, auk þess sem leitast verði eftir samstarfi við FMos um verkefnið.

Fab Lab (Fabrication Laboratory) er smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Fab lab smiðjur gegna mikilvægu hlutverki, byggja upp þekkingu og hæfni á sviði tækni, stuðla að þróun skapandi náms og kennslu, og glæð áhuga nemenda og fólks á námi og störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum sem er mikilvægt og jákvætt.

### **Ráðuneytin og fyrirtæki styrkja verkefnið.**

Samkvæmt lauslegri athugun kostar búnaður og tæki í nýja Fab Lab smiðju um 18 milljónir króna. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið styrkir rekstur Fab Lab smiðja með myndarlegu framlagi auk þess sem Mennta- og barnamálaráðuneytið kemur einnig með framlag til Fab Lab í gegnum aðstöðu eða notkun framhaldsskólana.

Lagt er til að tillögunni verði vísað inn í vinnu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Auk þess er lagt til að Fræðslusviði Mosfellsbæjar verði falin vinna við undirbúning á opnun Fab lab smiðju í Mosfellsbæ sem myndi hefja starfsemi í byrjun árs 2023. Vinnan fellst meðal annars í að ákveða staðsetningu, leita allra styrkja sem eru í boði, bæði hjá ríki og einnig meðal fyrirtækja í Mosfellsbæ og skipuleggja og setja upp verkferla varðandi starfsemi smiðjunnar og hvernig hún nýtist best skólasamfélaginu í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær 20. júní 2022.

Ásgeir Sveinsson fulltrúi í Bæjarráði og Bæjarfulltrúi D-lista

Jana Katrín Knútsdóttir fulltrúi í Bæjarráði og Bæjarfulltrúi D-lista

Rúnar Bragi Guðlaugsson Bæjarfulltrúi D-lista

Helga Jóhannesdóttir. Bæjarfulltrúi D - lista